

30. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 02.08 2016, kl. 13.30

Mætt eru: Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Anna Jóna Árnarsdóttir og Anna Bryndís Tryggvadóttir 3. varamaður, í stað Þorvarðar sem fjarverandi vegna heyanna. Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita
2. Samþykkt um byggingarleyfisgjald, afgreiðslu-og þjónustugjöld byggingarfulltrúa Fljótsdalshrepps, framkvæmdaleyfisgjald og gjöld vegna skipulagsbreytinga.
3. Skólamál
4. Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1
5. Skipun 2ja fulltrúa í svæðaskipulagsnefnd
6. Álagning fasteignaskatta á vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar
 - a) Bréf Landsvirkjunar dags. 11. 07 2016 og drög að svarbréfi .
 - b) Afrit af athugasemdum kæranda við umsagnir Fljótsdalshrepps, Fljótsdalshéraðs og Þjóðskrár Íslands, dags. 19.07 2016
7. Bréf
Vegagerðin dags. 29.06
8. Umhverfisstyrkir
 - a) Eyjólfur og Þórdís, Melum
 - b) Jósef Valgarð og Gunnþórunn, Víðivöllum fremri
9. Fjárbæði
Gunnarsstofnun
Eysteinn Björnsson
10. Fundargerðir
Byggingar-og skipulagsnefnd 21.07
11. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs
12. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita

Oddviti var í sumarleyfi 25.7- 01.08, Lárus annaðist afleysingu.

Úrbætur hafa verið gerðar á göngustíg að Hengifossi, á þeim stað þar sem stígurinn liggur um bratta skriðu. Smágrafa var notuð við verkið, en á hluta leiðar þurfti að fleyga úr skriðunni.

Umhverfisstofnun hefur sett upp gátlista á heimasíðu sinni, sem óskað er eftir að skipulags- og byggingarfulltrúar fylli út og sendi með erindum, þegar óskað er umsagnar stofnunarinnar.

Gengið hefur verið frá samningi við Vegagerðina, vegna klæðingar á veg frá Vallholti að Jökulsárbrú og klæðningar á áningarstað við Hengifoss.

Ný lög og reglugerðir er varða framkvæmd og veitingu stofnframlaga til almennra íbúða hafa tekið gildi. Um er að ræða nýja umgjörð um félagslegt kerfi. Stofnframlög verða veitt úr ríkissjóði og framlög frá sveitarfélögum sem geta verið bein framlög, eða í formi úthlutunar lóðar eða lækkunar eða niðurfellingar á gjöldum sem umsækjenda ber að standa skil á til sveitarfélagsins vegna íbúðar. Rétt til að sækja um framlög hafa félög og félagasamtök sem hafa það að langtímamarkmið að byggja, eiga og hafa umsjón með leiguhúsnæði og eru rekin án hagnaðarsjónarmiða.

2. Samþykkt um byggingarleyfisgjald, afgreiðslu- og þjónustugjöld byggingarfulltrúa Fljótsdalshrepps, framkvæmdaleyfisgjald og gjöld vegna skipulagsbreytinga.

Tekið til fyrri umræðu og samþykkt að vísa gjaldskrárdögnum til annarrar umræðu.

Arna Björg Bjarnadóttir, mætti á fundinn klukkan 14.00.

3. Skólamál

Arna Björg og Steingrímur eru að flytja í Valþjófsstað 1 með 2 börn á leikskólaaldri og eitt á grunnskólaaldri. Rætt var um hvaða möguleikar væru á að koma börnum í Egilsstaði á leikskóla. Enn er óvíst hversu mörg börn úr hreppnum verða í grunnskóla næsta vetur, en verið að skoða þann möguleika að leikskólabörn geti farið með skólabílnum sem ekur með grunnskólabörnin þ.e. yfir þann tíma ársins sem grunnskóli starfar og tímasetningar leikskóladvalar yrðu þá að taka mið af tímasetningum í grunnskóla. Fram kom í umræðum um þessi mál að lögbundin skylda sveitarfélaga snýr að grunnskólaþjónustu og akstri barna því samfara. Fljótsdalshreppur er með samning við Fljótsdalshérað um grunn- og leikskólaþjónustu fyrir börn úr Fljótsdal.

Arna Björg Bjarnadóttir, yfirlag fundinn klukkan 14.45.

4. Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1

Tillagan sem sett var fram á uppdrætti og greinagerð dags. 03.03 2016, var auglýst skv. 1.mgr. 41 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 , frá 29.04 2016 til 16.06 2016 , athugasemdafrestur var til og með 16.06 2016. Fornleifaskýrsla frá árinu 2010 liggur fyrir. Deiliskipulagið var áður auglýst árið 2011, en hlaut þá ekki staðfestingu vegna brots á tímafresti.

Tvær athugasemdir bárust. Frá Héraðs –og Austurlandsskógum dags. 24.05 2016 , þar sem bent er á að deiliskipulagt svæði nái að hluta inn á samningsbundið nytjaskógræktarsvæði og frá landeigendum á lóðum 4 og 5 dags. 13.06 2016 , sem gera athugasemdir við vegstæði að sumarbústöðum sínum, vegurinn sé brattur og með erfiðri beygju.

Samþykkt eftirfarandi svör við framkomnar athugasemdir:

Héraðs-og Austurlandsskógar

- Deiliskipulag þetta er gert í samræmi við Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030, sem auglýst var skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt þann 11. ágúst 2014 í sveitarstjórn Fljótsdalshrepps. Í því auglýsingarferli komu engar athugasemdir frá Héraðs og Austurlandsskógum og því rétt að við gerð ræktunaráætlunar sé tekið tillit til skipulagsins og/eða gengið frá nýrri afmörkun á samningsbundnu nytjaskógræktarsvæði. Ekki hefur verið sýnt fram á s.s. með ræktunaráætlun , að landnot skarist varðandi nytjaskógrækt og skilmála deiliskipulagstillögu. Samkvæmt samningi skógarbónda við Héraðs-og Austurlandsskóga er skógarbónda heimilt að nýta hið samningsbundna land einnig til annarra nota, enda stafi skógræktarframkvæmdum ekki hættu af nýtingunni.

Landeigendur lóða 4 og 5, Vilhjálmur Skúlason og Kristinn Hjartarson.

- Vegir að sumarbústöðum í Víðivallaskógi eru lagðir af landeigenda og án aðkomu Fljótsdalshrepps. Vegur að umræddum bústöðum er í dag eins og hann var upphaflega lagður um 1990 . Frá því hugmyndir komu fyrst fram um frístundabyggð í Víðivallaskógi hefur verið unnið með tillögum að skipulagi fyrir byggðina , en skipulagstillögur ekki staðfestar. Sérstök ákvæði um veghalla á sambærilegum vegum eru ekki til staðar hjá Fljótsdalshreppi.

Með vísan í 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkir sveitarstjórn deiliskipulagstillöguna óbreytta. Oddvita er falið að svara þeim er sendu inn athugasemdir og að senda Skipulagsstofnun tillöguna til meðferðar, ásamt athugasemdum, svörum og öðrum málgögnum. Oddvita jafnframt falið að auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar.

5. Skipun 2ja fulltrúa í svæðaskipulagsnefnd

Oddviti og varaoddviti skipaðir sem fulltrúar Fljótsdalshrepps í nefndina.

6. Álagning fasteignaskatta á vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar

- a) Bréf Landsvirkjunar dags. 11. 07 2016 og drög að svarbréfi.

Farið yfir drög að svarbréfi og samþykkt að senda Landsvirkjun.

- b) Afrit af athugasemdum kæranda við umsagnir Fljótshrepps, Fljótshéraðs og Þjóðskrár Íslands, dags. 19.07 2016.

Kynnt, lögfræðingur sveitarfélagsins telur ekki ástæður til frekari athugasemda Fljótshrepps, að svo komnu máli.

7. Bréf

Vegagerðin dags. 29.06. Tilkynning um 1.200.000 kr. styrk úr styrkvegasjóði.

8. Umhverfisstyrkir

- a) Eyjólfur og Þórdís, Melum. Samþykktur hámarksstyrkur.

Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis og Lárus tók við fundarstjórn.

- b) Jósef Valgarð og Gunnþórunn, Víðivöllum fremri. Samþykktur hámarksstyrkur.

Gunnþórunn kom aftur til fundar.

9. Fjárbeiðnir

- a) Gunnarsstofnun. Samþykktur styrkur vegna sýningar „Sælir eru einfaldir“ 5000 kr.

- b) Eysteinn Björnsson. Bíður Fljótshreppi til kaups 20 eintök af ljóðabókinni „Fylgdu mér slóð“ krónur 50.000 kr. Boðinu hafnað.

10. Fundargerðir

Byggingar-og skipulagsnefnd 21.07. Kynnt.

11. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs

Gunnþórunn Ingólfsdóttir kosin oddviti og Lárus Heiðarsson sem varaoddviti.

12. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 17:15

Lárus ritaði fundargerði í tölvu

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Anna Bryndís Tryggvadóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)